

**Stjórnarfundur nr. 18**  
**19. maí 2010 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ**

**Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.**

**1. Ársskýrslur**

**• Skýrsla stjórnar Spanieldeildar**

**Stjórn gerir athugasemd við þrjú atriði í skýrslunni:**

*Til stjórnar spanieldeildar*

*Á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands þann 19. maí sl. var farið yfir ársskýrslu spanieldeildar fyrir árið 2009-2010. Stjórn HRFÍ vill gera athugasemd við þrjár neðstu setningar í skýrslunni:*

*"Við reyndum að fá lengdan frest á augnskoðun en því var hafnað."*

*Stjórn HRFÍ rökstuddi svar sitt varðandi niðurstöður augnskoðana og óskaði eftir að spanieldeild endurskoðaði beiðni sína og hvort ekki sé ástæða til að setja frekari heilsufarskröfur. Aðeins persónulegt svar kom frá Bryndísi Pétursdóttir sem stjórn HRFÍ leit ekki á sem rökstuðning fyrir frekari heilsufarskröfum.*

*"Reyndum að fá spittun á deildinni, en því var hafnað."*

*Stjórn Hundaræktarfélags Íslands hefur aldrei hafnað beiðni um umsókn um sérdeild fyrir am. cocker spaniel. Stjórn HRFÍ sendi stjórn spanieldeildar bréf þar sem eftirfarandi kom fram: Umsókn spanieldeildar um stofnun sérdeildar fyrir am. cocker spaniel er ófullkomin og hvetur stjórn HRFÍ stjórn spanieldeildar að halda kynningarfund með félagsmönnum deildarinnar varðandi stofnun am. cocker spanieldeildar og senda inn fullunna umsókn. Í svarbréfinu kom fram hvaða atriði eiga að koma fram í umsókn um sérdeild.*

*"Reyndum að fá afhent gögn um springer spaniel en það hefur ekki enn borist."*

*Það er rétt að gleymst hefur að setja gögn í hólfi deildarinnar og er beðist velvirðingar á því. Gögin eru komin í hólfi deildarinnar.*

**• Skýrsla stjórnar Mjóhundadeildar**

**• Ársskýrsla skapgerðamats**

**2. Svarbréf frá Svæðafélagi Norðurlands**

**A-2374**

**3. Ársfundir deilda – flestar deildir hafa haldið ársfundi. Enn vantar ársskýslur**

<b>Rækuardeild</b>	<b>Fundur</b>	<b>Ársskýrsla</b>
Boxerdeild	miðvikudaginn 19. maí	
DÍF	fimmtudaginn 25. mars	
Ensk cocker spanieldeild	þriðjudaginn 6. apríl	
Fuglahundadeild	frestað	
Grefil- og sporhundadeild	frestað	
Írsk setterdeild	ólokið	
Papillon og phalenedeild	mánudaginn 8. mars	
Pincher-, mastiff- og fjallahundadeild	þriðjudaginn 2. mars	
Schäferdeild	fimmtudaginn 18. mars	
Spitzhundadeild	föstudaginn 27. febrúar	
Terrierdeild	laugardaginn 27. mars	
Tíbet spanieldeild	miðvikudaginn 10. febrúar	
Íþóttadeild	mánudaginn 19. apríl	
Unglingadeild	fimmtudaginn 29. apríl	
Vinnuhundadeild	laugardaginn 13. mars	

**4. Bréf frá Auði Hallgrímsdóttir í Garðabæ, hundahald í Garðabæ**

**A-2375**

**5. Bréf frá Gunnari Einarssyni bæjarstjóra Garðabæjar – Hundahald í Garðabæ**

**A-2376**

**6. Bréf frá stjórn Spitzhundadeildar**

**From:** Stjórn Spitzhundadeildar [mailto:spitzhundar@gmail.com]

**Sent:** 13. maí 2010 19:24

**To:** Stjórn

**Cc:** Hundaræktarfélag Íslands

**Subject:** tillaga fyrir aðalfund og til næsta stjórnarfundar

Garður, 13. Maí 2010

Erindi frá Spitzhundadeild HRFÍ til næsta stjórnar- og aðalfundar HRFÍ, undir tillögur í fundargerð.

Spitzhundadeild vill fara á leit við stjórn HRFÍ um að breyta lögum/reglum sem varða gildistíma augnvottorða.

Förum við frammá að stjórn HRFÍ sjái til þess að augnskoðanir séu haldnar á 12 mánaða fresti (má riðlast til um nokkra daga til eða frá).

Ef HRFÍ sér sig ekki fært að halda umrædda skyldu þjónustu þá lengist gildistími fyrri augnskoðunar til þeirra næstu. Virt félag eins og HRFÍ á að sjálfsögðu ekki að halda ræktendum í gíslingu varðandi ræktun þeirra hunda. Eins og skipulagið er í dag þurfa virkir ræktendur að augnskoða hunda sína á 6 mánaða fresti, þó svo að augnvottorð gildir í 12 mánuði, til þess að vera öruggir með að vera með gilt vottorð við þörun. Það er ekki sanngjarnt að setja okkur við sama borð og aðrar þjóðir þar sem þessi þjónusta er ekki aðgengileg okkur daglega eins og þeim.

Kveðja Stjórn Spitzhundadeildar

P.s Ef frestur er liðinn til að senda inn tillögur á aðalfund Hrfí 26.maí næstkomandi, óskum við þá eftir að umrædd tillaga verði tekin upp undir önnur mál.

**Benda þeim á að búið sé að svara erindinu á tveimur fulltrúaráðsfundum og hvort stjórn deildarinnar vilji ekki draga bréfið til baka og hætta við að bera það upp á aðalfundi. Deildin hefur ekki sent fulltrúa á síðustu fulltrúaráðsfundi. Stjórn deildarinnar er bent á að lesa yfir fundargerðir fulltrúaráðsfundar.** **A-2377**

#### 7. Tölvupóstur frá Péttri Alan Guðmundssyni veiðiprófsdómara HRFÍ

From: "Pétur Alan Guðm." [<mailto:petur@thinverslun.is>]

Sent: 17. maí 2010 14:33

To: Hundaræktarfélag Íslands

Cc: Valgerður Júlíusdóttir

Subject:

Paris 17. maí 2010

Eg undirritadur oska her með eftir að stjórn og framkvaemdastjóri HRFÍ stadfesti eftir hvada reglum eg sem domari numer 500602 eigi að daema eftir í domgaeslu minni sem domari fyrir tegundarhop 7 Kvedja, Petur Alan

**Dæmt er eftir veiðiprófsreglum HRFÍ fyrir tegundahóp 7 sem voru samþykktar 10. desember 2008 og tóku í gildi 1. janúar 2009.** **A-2378**

#### 8. Bréf frá Ferdinand Hansen, dagsett 16. maí 2010

**A-2379**

**Stjórn HRFÍ harmar viðbrögð FH varðandi fyrirspurn stjórnar félagsins og að hann hafi ekki séð þér fært að mæta ásamt öðrum fuglahundadómurum á stjórnarfund HRFÍ til að skýra málið. Stjórn hvetur FH til að endurskoða ákvörðun sína.** **A-2380**

#### 9. Bréf frá stjórn Fuglahundadeildar sent með tölvupósti þann 30. apríl

**Ósk um endurskoðun ákvörðunar stjórnar HRFÍ frá 15. apríl varðandi alhliðaveiðipróf. Frestað aftur**

**From:** Valgerður Júlíusdóttir

**Sent:** 18. maí 2010 20:41

**To:** gudjonsa@colas.is; Magga Kjartans; petur@thinverslun.is; sben@colas.is

**Cc:** Stjórn; Jóna Th. Viðarsdóttir

**Subject:** RE: Fundur með stjórn HRFÍ

Þar sem Egill Bergmann og Guðjón Arinbjarnarson hafa tilkynnt að þeir geti ekki mætt á fundartíma stjórnar HRFÍ og ekki hefur fengist staðfesting frá Péttri Alan Guðmundssyni og Sigurði Ben. Björnssyni þá tilkynnist hér með að fundi með ofangreindum aðilum og stjórn HRFÍ er frestað.

Kveðja,

f.h. stjórnar Hundaræktarfélags Íslands,

Valgerður Júlíusdóttir

## 10. Bréf frá stjórn Spaníeldeldar- ósk um stofnun sérdeildar f. amerískan cocker spaniel

A-2381

**Vísindaráð hefur samþykkt umsóknina. Samþykkt og verður lagt fyrir aðalfund HRFÍ þann 26. maí n.k.**

## 11. Augnskoðun 5.-6. júní í tengslum við júní sýningu

Dýralæknarnir Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 5. og 6. júní, í tengslum við sumarsýningu félagsins. Jens skoðar hundana aðeins á laugardeginum þar sem hann fer heim með flugi um kl.16 á sunnudeginum. Finn verður báða dagana. Nú eru alls skráðir um 200 hundar.

## 12. Ræktunarnámskeið 15.-16. maí í Sólheimakot

Fella þurfti niður ræktunarnámskeið með dómurunum Liz-Beth Liljeqvist og Ann-Chatrin Edoff helgina 15.-16. maí vegna áhrifa öskufalls úr Eyjafjarðarjökli á flugumferð í Evrópu þennan dag. Þær geta komið næst 9.-10. september. Um 50 félagsmenn fengu námskeiðsgjaldið endurgreitt.

## 13. Upplýsingar frá Sólheimakotsnefnd

**From:** Ragnhildur Gísladóttir [mailto:raggagisla@heljuheims.net]

**Sent:** 17. maí 2010 08:41

**To:** danielorn@simnet.is; Guðbjörg Guðmundsdóttir; Jóna Herbertsdóttir

**Cc:** Valgerður Júlíusdóttir

**Subject:** Re: Sólheimakots Nefndin

Sæl

Hérna eru nokkrir punktar af fundinum okkar á laugardaginn á Jómfrúnni:

Ragnhildur sagði frá því að hafa farið með smíð uppí Sólheimakot sem fór yfir stöðuna á kotinu. Laga þarf lekann við skortsteininn og þarf helst lærdann smíð í það. Mikil mállingarvinna er fyrir höndum og þarf að meðhöndla viðinn að utan áður en hægt er að mæla að utan. Mála þarf þak uppá nýtt og einnig þarf að mála inni og taka gólfefni.

Ákveðið var að senda póst á alla formenn deilda og minna á að senda nefndinni nöfn á sjálfboðaliðum fyrir mánaðarmót.

Töldum við að best væri að ákveða ekki dagsetningu fyrr en nöfn á sjálfboðaliðum væri kominn. En vinnan ætti samt að hefjast sem fyrst eftir sýningu.

Ragga Gísla

## 14. Önnur mál

- **Samþykkt að breyta gildistíma augnvottorða fyrir dv.schnauzer. Þar sem um er að ræða rýmkun á gildistíma er í lagi að láta breytinguna taka gildi strax þ.e. 20.01.10.**
- **Aðalfundur – undirbúningur**

**Fundi slitið.**